

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, Efri-Brú.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 28. mars 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, frá 28. apríl 2003.

Breytingin felst í því að 8 ha svæði sem skilgreint er sem landbúnaðarsvæði í landi Efri-Brúar breytist í svæði fyrir frístundabyggð og stækkar núverandi frístundahúsabyggð sem því nemur til suðurs meðfram Þingvallavegi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 28. mars 2006.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 12. apríl 2006